

## Samstarfshópur um málefni miðborgar

Ár 2022 miðvikudag 23. nóvember var haldinn 7. fundur samstarfshóps um málefni miðborgar. Fundurinn var haldinn í lðnó og hófst kl. 11.05. Viðstödd voru Þorsteinn Gunnarsson borgarritari og formaður samráðshópsins; Anna Kristinsdóttir, mannréttindaskrifstofa; Arnar Þór Hjaltsted, umhverfis- og skipulagssvið; Björg Jónsdóttir, skrifstofa menningar- og ferðamála; Edda Ívarsdóttir, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar; Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara; Finnur Bogi Hannesson, Reginn; Guðrún Álfheiður Thorarensen, Eik; Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, umhverfis- og skipulagssvið; Hulda Hallgrímsdóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara; Jakob Einar Jakobsson, Miðborgin okkar; Jóhann Tómas Sigurðsson, Miðborgin okkar; Kristjana Ósk Jónsdóttir, Reitir; María Rut Reynisdóttir, skrifstofa menningar- og ferðamála; Ólafur Stephensen, Félag atvinnurekanda; Ólafur Melsted, Faxaflóahafnir; Óskar Ísfeld Sigurðsson, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur; Pétur Rúnar Heimisson, Regin; Róbert Aron Magnússon, Miðborgin okkar; Sigrún Tryggvadóttir, formaður íbúasamtaka miðborgar; Ýmir Björgvin Arthúrssson, íbúasamtökum Grjótaborpsins;. Fundargerð ritaði Jón Halldór Jónasson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á nýju félagi Miðborgin Reykjavík. Jakob Einar Jakobsson fór yfir aðdraganda að stofnun félagsins og næstu skref. Stofnfundur verður boðaður innan tíðar.
2. Fram fer kynning á Jólaborginni. Björg Jónsdóttir greindi frá verkefnum sem unnið er að undir merkjum Jólaborgarinnar og sagði frá hvatningarátaki til íbúa um að heimsækja miðborgina á aðventunni.
3. Fram fer kynning Miðborgarsjóði. Hulda Hallgrímsdóttir sagði frá fyrirhugaðri úthlutun úr Miðborgarsjóði.
4. Fram fer kynning á verkefnum verkefnum á borði borgarhönnunar. Edda Ívarsdóttir sagði frá helstu verkefnum sem tengjast miðborginni.
5. Fram fer kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum. Arnar Þór Hjaltsted sagði frá ferli útgáfu afnotaleyfa og hvernig þau eru birt í Framkvæmdasjá.
6. Fram fer kynning á samráði vegna hávaðamengunar og vandamála vegna skemmtana í miðborginni. Þorsteinn Gunnarsson greindi frá viðbrögðum Reykjavíkurborgar og samráði við hagaðila.
7. Fram fer kynning á fyrirhuguðu samtali um aðstöðu rekstraraðila til vörumóttöku og -geymslu inni á veitingastöðum og hótélum. Ólafur Stephensen sagði frá fyrirhugum fundi sem haldinn verður á nýju ári með hagaðilum um þessi mál.

### Fundi slitið kl. 12.58

Þorsteinn Gunnarsson

Hulda Hallgrímsdóttir

Jón Halldór Jónasson